



**Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis** er með Veidikortið til sölu á skrifstofu félagsins. Kortin eru niðurgreidd til félagsmanna og er verð á korti **3.000 kr.**

Aðrir en félagsmenn geta keypt kortið á kostnaðarverði.

## Um Veidikortið

Veidikortið er að hefja sitt sjöunda starfsár. Allt frá fyrsta degi hefur Veidikortinu verið mjög vel tekið og þessum frábærum viðtökum má þakka það að hægt hefur verið að auka framboðið jafnt og þétt.

Veidikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veidikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í rúmlega 35 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Nú gefst fólki loksins kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Einnig eru grunnupplýsingar á ensku í bæklingnum. Allur texti í bæklingi má finna á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is) bæði á íslensku og ensku.